

**Nd.**

**59. Frumvarp**

til laga um laxveiði.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Eigi má veiða lax á neinn annan hátt en á stöng, nema á tímabilinu frá 15. júní til 30. ágúst ár hvert. Á þessum tíma skal þó lax friðaður 84 klukkustundir í viku, eða frá miðnætti aðfaranótt laugardags til hádegis á þriðjudögum. Skulu þá öll net upp tekin, svo að lax hafi frjálsa göngu. Lax má veiða á stöng á timanum frá 15. maí til 30. ágúst. Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má veiða lax á öllum árstímum.

## 2. gr.

Til laxveiða má nota lagnet, dráttarnet og veiðistengur (þ. e. stöng með færi og öngli, sem lax getur tekið).

Önnur veiðarfæri nje aðrar veiðiaðferðir má ekki nota, svo sem laxkistur, laxkvíar neinskonar, eða aðrar fastar veiðivjelar, dráttarnet með poka (botnvörpur), laxasting, krók eða annan þvilíkan útbúnað.

Engin net má viðhafa, er taka smálax. Skulu möskvar á lagnetum ekki minni vera þá votir eru en 26 cm. ummáls eða 6,5 cm. á hlið. Öll net skulu og vera einföld. Lagnet þau, sem svo eru gerð, að með þeim má veiða lax, án þess að hann ánetjist, teljast með föstum veiðivjelum og má því eigi nota þau.

## 3. gr.

Bannað er að leggja net, garða eða setja neitt annað það, er hindri laxgöngu, lengra út í nokkra á, eða árkvísl, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt, að hinn helmingur árinna eða kvíslarinnar sje eigi grynri en sá, sem þvergirtur er, og að eigi sje minni fiskiför um hann.

Aldrei má svo leggja net nje garða nje neitt annað, er tefji laxgöngu, að skemra sje í milli en 190 metrar af lengd árinna landa í milli.

Eigi einn maður veiði í á, skal hann og hlíta sömu lögum og aðrir.

## 4. gr.

Eigi má leggja net eða neitt annað úti fyrir ósum nje í þá, hvorki í stöðuvötnum nje sjó, þar sem lax gengur um, svo að för hans sé hindruð.

Bannað er og að leggja net, garða eða setja neitt annað í ár, sjó eða vötn, þar sem lax gengur um, þannig að af því geti myndast eyrar, grynningar, straumbreytingar nje annað það, er bægja kann laxgöngu. Sje nauðsynlegt að stífla á til aflframleiðslu, áveitu eða annara þvilíkra nauðsynja, skal hlutaðeigandi skyldur að gera laxastiga eða annan tryggilegan umbúnað, svo að för laxins sje eigi hindruð og áin sje laxgeng eftir sem áður. Skal verkið unnið samkvæmt fyrirmælum þeirrar laxveiðistjórnar, er hlut á að máli, og með umsjá hennar.

Ádráttarveiði má viðhafa einungis í ám og árósum. Þó má ekki draga á nema frá hádegi til miðnættis í ám, og í árósum einungis fyrir göngu annars hvers flóðs. Þó má enga ádráttarveiði hafa þann tíma, sem lagnetaveiði er bönnuð samkvæmt 1. gr.

## 5. gr.

Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um. Þó má eigi raska þinglesinni friðun eggvera og sellátra, nema fult gjald komi fyrir, slikt er dómkvaddir menn meta.

## 6. gr.

Heimilt er að setja laxastiga í alla fossa. Þó geta eigendur krafist endurgjalds fyrir, ef við það spillist fossinn til aflframleiðslu. Skulu dómkvaddir menn meta. Einnig er heimilt að grafa niður árfarvegi, ármót og árósa hvar sem er, og á hvern annan hátt að laga til og greiða fyrir laxgöngu hvarvetna.

Þó getur landeigandi krafist skaðabóta fyrir, ef spjöll hljóttast af. Skulu dómkvaddir menn meta skemdirnar. Lögskráðum veiðistöðum má þó eigi spilla.

7. gr.

Nú vill einhver koma upp laxastiga eða á annan hátt gera ár laxgengar. Skal hann þá kveðja til þess með sjer alla þá, er veiðirjett geta hlotið við umbæturnar.

En ef einhver þeirra vill eigi taka þátt í kostnaðinum, þá hefir hann fyrirgert rjetti þeim, er honum bar til laxveiði, er myndast kann vegna slíkra framkvæmda.

Þó getur hann öðlast rjettinn síðar, ef hann greiðir þeim, er verkið kostaði í fyrstu, það er honum bar af kostnaðinum, að viðbættum 50% af þeirri upphæð. Þeir sem taka þátt í kostnaðinum skulu, ef ágreiningur verður þeirra í milli, bera hann í hlutfalli við þau not, er dómkvaddir menn telja að þeir geti haft af verkinu.

8. gr.

Nú vill einhver gera í laxgengri á umbætur, sem nefndar eru í 6. gr. Er honum þá heimilt að leita aðstoðar þeirra, er gagn mega hafa af umbótunum, og ef meiri hluti þeirra er honum fylgjandi, eru allir þeir er not geta haft af verkinu, skyldir að taka þátt í kostnaðinum, er af því leiðir, í hlutfalli við þau hlunnindi, er þeir kunna að hafa af því. Verði ágreiningur þeirra á milli, skulu dómkvaddir menn jafna niður á þá kostnaðinum.

9. gr.

Sýslumenn skulu annast um, að í hverjum hreppi, þar sem laxveiði er, sje á sameiginlegum fundi þeirra, er veiðirjett hafa, kosinn til þriggja ára í senn einn maður fyrir hvern tug eða brot úr tug laxveiðieigenda í hreppnum. Þeir einir, sem laxveiðirjett hafa og búsettir eru í hreppnum, eiga kosningarjett, og eru ekki aðrir en þeir skyldir að taka við kosningu.

Sýslumenn skulu og annast um, að þeir, sem þannig eru kosnir úr öllum hreppum, er veiðirjett hafa í ám, er saman falla eða sundur kvíslast, sem og öðrum ám, haldi með sjer fund og kjósi úr sínum hóp sameiginlega laxveiðistjórn til þriggja ára í senn. Laxveiðistjórnin skal aldrei skipuð færri en þrem mönnum, en annars svo mörgum, sem meiri hluti fundarmanna kemur sjer saman um. Skal þó ávalt standa á stöku tala stjórnenda.

Nú hagar svo til, að laxveiðieigendur eru ekki svo margir við einhverja á eða ár, sem saman falla, að þriggja manna stjórn verði mynduð á þann hátt, sem nú var greint, og skal þá hlutaðeigandi sýslumaður, eða sýslumenn, nefna til þá stjórnarmenn, er til vanta. Nú eiga tveir sýslumenn að nefna einn mann í stjórn, og greinir þá á; skal þá stjórnarráðið tilnefna manninn. En ef tveir sýslumenn eiga að tilnefna tvo menn í stjórn, þá skal nefna sinn manninn hvor.

Laxveiðistjórnin kys sjer sjálf formann úr sínum hópi.

10. gr.

Laxveiðistjórnin skal hver í sínu takmarki ákveða veiðistöðvar (lagnir

og lagnetsstæði). Skal hún skrá þær í sjerstaka bók, sem til þess sje löggilt. Skal slik löggildingarbók ávalt vera til í hverjum hreppi, þar sem laxveiði er stunduð, og varðveitir hreppstjóri bókina. Við skrásetningu veiðistöðva skal gera glögga lýsingu af hverri lögn eða lagnetsstæði, tilgreina hvar þær eru, hvernig leggja má netum, svo og aðra staðháttu umhverfis, er máli skifta.

Enga veiðistöð má nota nema hún sje ákveðin og lögskráð af laxveiðistjórn.

Nú kemur í ljós, að veiðistöð veldur ólögætum tálmunum fyrir laxgöngu, sbr. 4. gr. Skal þá sá, er þess verður var, tilkynna það þegar laxveiðistjórninni, en hún skal þá strax afnema veiðistöðina eða breyta henni svo, að hún sje lögmæt.

#### 11. gr.

Nú vill einhver fá lögskráða veiðistöð, og skal hann þá tilkynna það formanni laxveiðistjórnar þeirrar, er hlut á að máli. Ber þá laxveiðistjórninni, svo fljótt sem unt er, að athuga staðháttu og lögskrá veiðistöðina, ef eigi er neitt því til hindrunar samkvæmt lögum þessum.

Vilji einhver breyta lögskráðri veiðistöð sinni, þá ber að skoða það sem ný veiðistöð sje upp tekin.

#### 12. gr.

Þeir, sem kjósa eða skipa laxveiðistjórn, skulu og jafnframt ákveða þóknun, er stjórnarmönnum ber fyrir hverja veiðistöð er þeir lögskrá. Skulu þeir, sem lögskráð er hjá, greiða gjaldið, og er lögskráningin eigi gildandi fyrir en það er greitt.

#### 13. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa eftirlit með að lög þessi sjeu haldin. Þeir eru skyldir að kæra til sekta þá, sem uppvisir verða að brotum gegn lögum þessum. Nú vanrækir hreppstjóri að kæra brot, er hann veit um, og telst hann þá samsekur og skal sæta jafnháum sektum og lögbrjóturinn.

#### 14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50 til 2000 krónum, er fari hækkandi ef brot er endurtekið. Alt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðarfæri skal upptækt, og skal hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust taka upp öll ólögleg veiðigögn og nema burtu ólögætatar girðingar. Sektir samkvæmt lögum þessum renni að einum þriðja í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en tveir þriðju hlutar til uppljóstrarmanns eða manna.

Andvirði ólöglegra veiðiáhaldna renni eingöngu í hlutaðeigandi sveitarsjóð eða sveitarsjóði.

#### 15. gr.

Mál um brot gegn lögum þessum eru almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komist hjá málssókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eftir því sem lögreglustjóri úrskurðar.

16. gr.

Lög um friðun á laxi frá 19. febr. 1886, reglugerðir, sem á þeim eru bygðar, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög, eru hjer með úr gildi numin.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Veiðitilhögun og veiðiaðferðir við laxveiði heimilast nú, sem spilla henni mjög, og verði ekki skjótlega bætur á því ráðnar, má búast við því, að laxveiðin hjer á landi gangi smám saman til þurðar. Verði frumvarp þetta að lögum, bætir það mjög úr ýmsum ágöllum laxveiðilaga þeirra, er nú gilda.